

# Mímir

símenntun

## Leikskólasmiðja Námsefni





Námsefni fyrir Leikskólasmiðju  
Þróunarverkefni unnið með styrk frá  
Fræðslusjóði  
Umsjón: Halla Björg Randversdóttir og  
Vala S. Valdimarsdóttir  
Gefið út af Mími - símenntun 2026

# 1. Að byrja að vinna í leikskóla



Þegar þú byrjar að vinna í leikskóla er margt nýtt sem þú þarft að læra og kynna þér.



## 1.1 Að vinna á Íslandi

Gefðu þér tíma til að kynnst samstarfsfólki og börnunum.

Það er mikilvægt að kynna sér reglur leikskólans og hvort hann vinni eftir sérstakri stefnu. Þú þarft að mæta á réttum tíma og leggja þig fram í starfinu.

Þú þarft að vera þolinmóð/ur og sýna börnunum hlýju og virðingu. Þú þarft líka að vera góð fyrirmynd.

Reyndu að tala íslensku í leikskólanum eins og þú getur.

Ef þú ert óörugg/ur getur þú alltaf leitað til leikskólastjóra eða samstarfsfólks.

### **Það er gott að hafa eftirfarandi í huga:**

- Starfsfólk þarf að mæta á réttum tíma og biðja um leyfi til að fá frí eða að fara snemma.
- Það þarf að tilkynna veikindi og stundum þarf að fá læknisvottorð.
- Það má ekki reykja inni í leikskólanum eða við hann og ekki vera með munntóbak.
- Það má ekki vera í símanum í vinnunni (en það má fá leyfi til að hringja eða svara í síma).
- Starfsfólk skal vera kurteist hvert við annað og við börnin.



## 1.2 Að vinna á Íslandi

Á Íslandi eru mannréttindi tryggð með lögum (human rights are guaranteed by law).

Það má til dæmis ekki:

- meiða fólk líkamlega (e. *abuse physically*).
- öskra á fólk (e. *yell at people*).
- tala niður til fólks (e. *be condescending when speaking*). Þetta á við um börn og fullorðna, á vinnustöðum og í skólum.
- mismuna fólki vegna húðlitar, trúarskoðana, fötlunar, kynhneigðar, kynvitundar, pólitískra skoðana og svo framvegis.

**Áreitni** (e. *harassment*) er ekki leyfð á vinnustöðum á Íslandi. Áreitni er hegðun sem lætur öðrum líða illa eða óöruggt. Það getur verið að segja ljót orð, gera grín að öðrum eða snerta einhvern sem vill það ekki. Við eigum alltaf að sýna virðingu og segja frá ef áreitni á sér stað.

Fólk má hafa sína **trú** (e. *religious belief*) og **stjórnmalaskoðun** (e. *political opinion*).

**Jafnrétti kynjanna** (e. *gender equality*) skal virða (öll kyn eru jafn mikilvæg). Og öll eiga að fá sömu laun fyrir sömu vinnu.

**Mismunum** (e. *discrimination*) er ekki leyfð. Það má ekki leyfa einum starfsmanni að koma oft of seint en ekki öðrum. Ekki má heldur leyfa einum að taka langa kaffitíma en ekki öðrum.

Á hverjum vinnustað er **trúnaðarmaður** (a *trustee*) sem er **talsmaður** (e. *spokesman*) starfsfólks. Þú getur talað við hann ef þú vilt.



Ef brotið er á þér (e. *if you are violated*) getur þú talað við:

- Jafnréttisstofu (e. *The Equality Office*)
- Stígamót (e. *a centre for survivors of sexual violence*)
- Neyðarsími 112 ( e. *call 112 in case of an emergency*)



## 1.3 Samtalsverkefni

**Sara:** Ég þarf að fara til læknis á mánudaginn, má ég fara úr vinnunni?

**Pétur:** Þú þarft að tala við Jóhönnu leikskólastjóra og fá leyfi. Þarftu að skreppa eða þarftu að fara snemma? Eða kannski mæta seinna?

**Sara:** Já, ég skil. Ég skal spyrja hana um það. Ég á tíma hjá lækni klukkan þrjú / 15:00 en ég þarf að taka strætó og fara úr vinnunni um klukkan fjórtán tuttugu / 14:20.

**Pétur:** Þú færð örugglega leyfi. Þú mætir mjög vel í vinnuna og ert aldrei of sein.

**Sara:** Fæ ég laun á meðan ég verð í burtu?

**Pétur:** Já, allir halda launum þegar þeir fara til læknis.



## 1.4 Tölum saman



1. Hvert þarf Sara að fara á mánudaginn?
2. Hvern þarf hún að tala við til þess að fá leyfi?
3. Eru laun lækkuð ef þú þarft að fara til læknis?



## 1.5 Samtalsverkefni

**Jóhanna:** Góðan daginn og velkomin í vettvangsnám. Ég heiti Jóhanna og er leikskólastjóri.

**Marta:** Góðan daginn. Ég heiti Marta. Gaman að vera komin hingað. Takk fyrir að taka á móti mér.

**Jóhanna:** Mín er ánægjan. Þú verður á Sólardeild í dag. Börnin þar eru tveggja til þriggja ára og Anna deildarstjóri tekur á móti þér.

**Marta:** Allt í lagi, það hljómar vel. Hvað á ég að gera þar?

**Jóhanna:** Þú fylgist með starfinu og hjálpar til þegar þarf. Anna mun leiðbeina þér.

**Marta:** Já, ég skil. Ég hlakka til að byrja og kynnast börnunum.

**Jóhanna:** Það er gaman að heyra, Marta. Ég vona að allt gangi vel hjá þér. Ég fer með þig núna og kynni þig fyrir Önnu.



## 1.6 Tölum saman



1. Hvar á Marta að vera í vettvangsnáminu?
2. Hver er deildarstjóri á Sólardeild?
3. Hvað á Marta að gera á deildinni?

## 2. Leiktími



Leiktími er mikilvægur í leikskóla. Börn læra mikið í gegnum leik. Í leikskólanum eru mörg mismunandi leikföng. Börn geta valið hvað þau vilja leika sér með. Í leik æfa börn sig að tala, hlusta og vinna með öðrum. Þau læra líka að deila, bíða og nota ímyndunaraflíð. Starfsfólk fylgist með leiknum og tekur stundum þátt. Það hjálpar börnunum og styður þau í leiknum. Leiktími getur verið inni eða úti. Það er mikilvægt að allir fái að vera með og líði vel.



## 2.1 Samtalsverkefni

**María** (nýr starfsmaður): Góðan daginn.

**Pétur** (starfsmaður): Sæl og velkomin, María.

**María:** Kristín er veik í dag svo ég kem í staðinn fyrir hana.

**Pétur:** Allt í lagi. Krakkar, þetta er María. Hún er nýr starfsmaður og verður með okkur í dag.

**Börnin** (öll saman): Halló María!

**María:** Halló! Hvað eruð þið að leika með í dag?

**Barn 1:** Við erum að kubba með legókubbum og að púsla púsluspil.

**Barn 2:** Og líka að leika með lest og Playmo.

**Barn 3:** Við fönndrum líka stundum.

**María:** Gaman. Hvað notið þið í fönndri?

**Barn 3:** Við notum pappír, lím og liti. Og skæri til að klippa með.


**María:** En skemmtilegt.

**Barn 2:** Við leikum líka með leir. Við gerum dýr og kökur.

**María:** En gaman hjá ykkur! Ég ætla að setjast hjá ykkur og leika.



## 2.2 Tölum saman



1. Hverjir vinna með Maríu á deildinni fyrsta daginn?
2. Hver er veikur þennan dag?
3. Hvað leika börnin með þennan dag?



## 2.3 Samtalsverkefni

### Börn sem leika saman

**Margrét:** Viltu koma í dúkkuleik?

**Jón:** Já, ég skal vera pabbinn.

**Margrét:** Ég verð mamman og þessi dúkka er barnið. Bangsi má líka vera með. Hann er annað barn.

**Jón:** Allt í lagi. Eigum við að hafa matartíma í leiknum?

**Margrét:** Já, það er flott. Hvað eigum við að hafa í matinn?

**Jón:** Kannski fiskibollur?

**Margrét:** Já, gerum það. Mér finnst þær góðar.

**Jón:** Eigum við að hafa djús að drekka eða vatn?

**Margrét:** Höfum bara vatn, ég sæki glös.

**Anna:** Má ég vera með í leiknum?

**Jón:** Nei, ekki núna. Við erum byrjuð.

**Anna:** Ég leik þá bara við Pétur. Ég ætla að fara í búðarleik með honum. Það er skemmtilegra. Þá má hann koma og kaupa mat hjá mér.



## 2.4 Tölum saman

- 1) Hver ætlar að leika við Margréti?
- 2) Í hvaða leik ætla þau?
- 3) „Hver“ er Jón í leiknum?
- 4) Vilja fleiri börn vera með í þessum leik?
- 5) Má Anna vera með í leiknum?
- 6) Finnst henni gaman að fara í búðarleik?





## 2.5 Sagnorð

### Hvaða orð og orðasambönd notum við um leik inni?

að fara í búning – að klæða sig í búning

að fara í leik / að leika sér einn /

að leika við einhvern / að leika saman

að föndra – við ætlum að föndra (fyrir jól), þau föndra (búa til) jólaskraut

að dansa – allir dansa saman, að dansa við einhvern

að klippa – að klippa út mynd (et.) / myndir (ft.)

að kubba - að gera eitthvað úr kubbum (Duplo eða Lego)

að leika með dót (leikföng) - bangsa, dúkku, bíl, bolta, kubba, púsl

að leira – að gera (eða móta) eitthvað úr leir

að lesa – að lesa bók / sögu / texta

að lita - að lita mynd, að lita mynd á blaði

að mála – að mála mynd

að púsla – að púsla púsl

að segja – að segja sögu, að segja frá

að sitja – allir sitja (saman) í hring

að spila – að spila spil, að spila á gítar

að syngja - að syngja lag, að syngja hátt, að syngja vel, að syngja með

að teikna - að teikna mynd á blað




## 2.6 Verkefni

Kannt þú að skrifa setningu / setningar um dót (leikföng)?  
Kanntu að segja frá og nota orð um dót?

Svaraðu þessum spurningum:

1. Finnst börnum gaman (skemmtilegt) að leika sér?
2. Leika börn í þínu heimandi eins og íslensk börn?
3. Hvaða leik finnst þér gaman að leika við lítil börn?
4. Hvað segjum við þegar við viljum hætta að leika?





## 2.7 Orðalisti

Bangsi (kk)



Feluleikur (kk)



Málning (kvk)



Bíll (kk)



Föndur (hk)



Mynd (kvk)



Blað (hk)



Hilla (kvk)



Pappír (kk)



Bolti (kk)



Kassi (kk)



Púsl (hk)



Bók (kvk)



Kubbur (kk)



Spil (hk)



Búningur (kk)



Leikfang (hk)



Saga (kvk)



Dans (kk)



Leir (kk)



Söngur (kk)



Dót (hk)



Lestur (kk)



Teikning (kvk)



Dúkka (kvk)



Litur (kk)



Vatnslitir (kk  
ft.)



# 3. Fataklefinn



Í fataklefanum geyma börnin útifötin sín og líka aukafötin sín.



## 3.1 Að hafa í huga

**Skilur þú þetta:**

**Að fara í og úr fötum og skóm / stígvélum =  
Að klæða sig í og úr fötum og skóm / stígvélum.  
Að skipta um föt / skó.**

**Aukahlutir:**

**Að vera með húfu / buff / trefil / hanska / vettlinga =  
að hafa húfu / buff / trefil / hanska / vettlinga  
á höfði, um háls, á höndum.  
Að taka af sér húfu / buff / trefil / hanska / vettlinga.**



## 3.2 Lesskilningur

Börnin í leikskólanum fara út að leika eftir hádegismat. Það heitir útivera. Öll börn hafa sitt hólfi í fataklefanum. Þar eru útiföt og aukaföt. Nafn hvers barns er á merkimiða á hólfinu.

Börnin þurfa að klæða sig í útiföt áður en þau fara út. Þriggja ára börn og yngri þurfa oft hjálp. Flest börn reyna þó að klæða sig sjálf en mörg þurfa stuðning.

Börnin eru með mismunandi föt eftir veðri. Þegar rignir eru þau í regnfötum, regnkápu, regnbuxum og stígvélum.

Í snjó og kulda eru þau í snjógalla og hlýjum skóm. Þau þurfa líka húfu og vettlinga.

Í góðu veðri eru þau í léttum fötum, eins og þunnum buxum, bol eða stuttermabol og jakka. Á sumrin er líka gott að nota sólarvörn.

Áður en börnin fara út fara þau á klósett. Börn sem eru með bleyju fá hreina bleyju fyrir útiveru.



### 3.3 Að hafa í huga

**Skilur þú þetta?**

**\*Að vera búin/n að klæða sig  
= að hafa klárað að fara í föt.**

**\*Að vera tilbúin/n =  
að geta farið út núna (að vera komin/n í föt).**

**\* Að búa sig vel / illa = að vera vel / illa búinn  
= að klæða sig eftir veðri.**

**\* Að búa á Íslandi = að eiga heima þar.**



## 3.4 Samtalsverkefni

**María:** Börnin eru búin að borða. Er útivera núna, er kominn tími til að fara út með börnin?

**Kristín:** Já, núna förum við út. Það þarf að búa þau vel í dag, það er frost úti og smá vindur.

**María:** Að búa þau? Hvað meinarðu?

**Kristín:** Að klæða þau í útiföt. Í dag eru það snjógalli, kuldaskór og auðvitað húfa og vettlingar.

**María:** Já, ég skil, það er kalt. Það er best að klæða þau vel.

**Kristín:** Ég klæði fjögur börn fyrst, svo klæðir þú fjögur á eftir mér. Til þess að hafa nóg pláss í búningsklefanum, skilurðu?

**María:** Já, ég skil. Að klæða börnin / að búa þau, að setja þau í föt.

**Kristín:** Alveg rétt, þú ert svo dugleg að læra íslensku!

**María:** Ég reyni mitt besta.



## 3.5 Tölum saman

1. Hvað er útivera?
2. Hvað er erfitt að plana á Íslandi?
3. Hvað eru börn gömul þegar þau geta klætt sig sjálf?
4. Hvar eru útiföt (og aukaföt) geymd?
5. Hvaða útiföt fara þau í, í rigningu og kulda?
6. Hvað er gott að hafa á höfðinu á sumrin?
7. Hvað þarf að hafa á höfði og höndum á veturna?
8. Hvaða útiskór eru bestir ef það er frost úti?
9. Hefur þú gaman af útiveru? Hvernig útiföt átt þú fyrir gönguferð eða fjallgöngu?



## 3.6 Samtalsverkefni

**María:** Nú er komið að útiveru. Eigum við að byrja á því að senda börnin á klósettið?

**Pétur:** Já, góð hugmynd. Við þurfum að passa að allir fari á klósettið fyrir útiveru.

**María:** Ég skal fara með yngri börnin, þau þurfa kannski hjálp.

**Pétur:** Flott, ég læt eldri börnin fara sjálf en fylgist með þeim og passa að allir þvoi hendur.

**María:** Við skulum líka passa að öll börnin fái sólarvörn, það er mjög gott veður í dag.

**Pétur:** Já, sólin er sterk, ég skal byrja að bera sólarvörn á börnin.

**María:** Frábært Pétur, það gengur alltaf svo vel hjá okkur þegar við vinnum saman.



## 3.7 Tölum saman

1. Hvað þurfa börnin að gera áður en þau fara út?
3. Hvað þarf að bera á börnin áður en þau fara út?
4. Hver hjálpar yngri börnunum?
5. Af hverju er mikilvægt að fara á klósett áður en farið er út?



## 3.8 Samtalsverkefni

**Barn:** Ég vil ekki fara í kuldaskó, ég vil fara í sandala.

**María:** Nei, það gengur ekki, það er kalt úti.

**Barn:** Allt í lagi en ég vil klæða mig sjálf.

**María:** Já, það er flott. En ég er hér til að hjálpa þér ef þú vilt.

**Barn:** Ég er tilbúinn!

**María:** Nei, það er rigning úti og þá þarf stígvél. Þú verður blautur ef þú ert ekki í stígvélum.

**Barn:** Þá það, en ég vil ekki fara í ullarsokka.

**María:** Við skulum þá sleppa þeim.

**Barn 2:** Ég vil ekki vera í þessari peysu, mig klæjar.

**María:** Ég skil, ertu með aukapeysu sem stingur ekki?

**Barn 2:** Já, ég fer í bláu peysuna mína sem er í töskunni.



## 3.9 Tölum saman

1. Í hvernig skó vill barnið fara frekar en kuldaskó?
2. Hvernig er veðrið?
3. Af hverju þarf barnið að fara í stígvél?
4. Hvers vegna vill barnið ekki fara í ullarpeysuna?
5. Hvernig er peysan á litinn sem barnið klæðist í staðinn fyrir ullarpeysuna





## 3.10 Orðalisti

Bakpoki (kk)



Nærbolur (kk)



Sokkur (kk)



Belti (hk)



Nærbuxur (kvk)



Strigaskór (kk)



Buxur (kvk ft)



Peysa (kvk)



Stígvél (hk ft)



Bolur (kk)



Pils (hk)



Stuttbuxur (kvk)



Derhúfa (kvk)



Regngalli (kk)



Taska (kvk)



Hanski (kvk)



Regnjakki (kk)



Trefill (kvk)



Húfa (kvk)



Skór (kk ft)



Ullarpeysa (kvk)



Jakki (kk)



Snjóbuxur (kvk)



Ullarsokkur (kk)



Kjóll (kk)



Snjógalli (kk)



Úlpa (kvk)



Kuldaskór (kk)



Sokkabuxur (kvk)



Vettlingur (kk)



# 4. Útivera



Börn í leikskóla fara oft út á daginn, nokkrum sinnum á dag.

Útivera er mikilvæg fyrir börn.

Oftast leika börnin sér á leikskólalóðinni. Stundum fer starfsfólk með hópinn í göngutúr eða í stutta vettvangsferð.



## 4.1 Lesskilningur

Á deildinni á hvert barn sitt eigið hólfi þar sem föt barnsins eru geymd. Hólfin og fötin eru merkt með nafni barnsins. Öll börn þurfa að hafa föt til skiptanna. Ef föt verða blaut eða óhrein þarf að skipta um þau og nota hrein og þurr föt.

Starfsfólk hjálpar börnum að klæða sig í útiföt og börnin eru klædd eftir veðri. Smábörn, 1–2 ára, þurfa mikla aðstoð. Tveggja ára börn reyna að klæða sig sjálf en þurfa oft hjálp. Þriggja ára börn og eldri klæða sig oftast sjálf.

Áður en börnin fara út fara þau á klósettið. Börn sem nota bleyju fá hreina bleyju áður en þau fara út.

Anna og Kristján vinna á Bangsadeild á leikskólanum Stjörnukoti. Á deildinni eru börnin á aldrinum 4-5 ára. Þau eru á leið í útiveru. Úti er rigning.

Anna og Kristján leiðbeina börnunum og segja þeim hvað þau eiga að klæða sig í. Þau eiga að fara í regnföt og stígvél og setja á sig húfu. Sum börn þurfa smá hjálp en flest geta klætt sig sjálf.

Anna minnir börnin á að fara á klósettið áður en þau fara út. Börn sem þurfa hjálp fá hana.

Þegar öll börnin eru tilbúin fara þau út saman. Þau leika sér á leikskólalóðinni í rigningunni. Þau leika sér saman í sandkassanum og drullumalla.



## 4.2 Tölum saman



1. Hvar vinna Anna og Kristján?
2. Hversu gömul eru börnin á Bangsadeild?
3. Hvernig er veðrið úti?
4. Í hvaða föt fara börnin áður en þau fara út?
5. Hvar leika börnin sér?
6. Hvað eru börnin að gera?



## 4.3 Lesskilningur



### Sumarveður

Á Íslandi er oft hlýtt og þurrt veður frá maí til september, en stundum rignir líka. Börn klæðast þá buxum, stuttermabol og peysu. Sum eru með þunnan jakka og flestir eru í strigaskóm. Ef sólin skín er gott að vera með derhúfu eða buff á höfðinu.



### Rigning og blautt veður:

Á Íslandi rignir stundum, allt árið. Börnin eiga regnföt. Þau þurfa að hafa þessi föt ef það rignir: regnkápa, pollajakki, regnbuxur, pollabuxur, (pollagalli er bæði jakki og buxur). Pollavettlingar eru líka góðir í rigningu. Stígvél þarf líka að hafa ef veður er blautt. Það er gaman að hoppa í pollum í góðum regngalla og stígvélum!



### Vetur, snjór og frost:

Á Íslandi getur komið snjór, frá október til apríl. Börnin þurfa að hafa þessi föt í kulda: snjógalli/útigalli eða snjóbuxur og vetrarúlpa. Það þarf líka að hafa kuldaskó, húfu og vettlinga þegar kalt er. Ef mjög kalt er úti er gott að hafa líka trefil um hálsinn. Hlý peysa eða ullarpeysa og sokkar (ullarsokkar) eru föt sem öll þurfa að eiga á veturna.



## 4.4 Hópavinna

Vinnið 4 saman og veljið eitt af eftirfarandi:

### **SUMAR**

Þið farið í útiveru með börnunum í júlí. Það er sól og 17°C.

Skrifið saman stuttan texta um hvað þarf að gera áður en þið farið út.

Notið orðalista og myndir til að hjálpa ykkur.

Einn í hópnum les textann upphátt.

### **VETUR**

Þið farið í útiveru með börnunum í janúar. Það er 5 stiga frost og snjór úti.

Skrifið saman stuttan texta um hvað þarf að gera áður en farið er út.

Notið orðalista og myndir til að hjálpa ykkur.

Einn í hópnum les textann upphátt.

### **HAUST**

Þið farið í útiveru með börnunum í september. Það er 5°C og smá rigning.

Skrifið saman stuttan texta um hvað þarf að gera áður en farið er út.

Notið orðalista og myndir til að hjálpa ykkur.

Einn í hópnum les textann upphátt.



## 4.5 Leikatriði

Vinnið tvö og tvö saman. Leikið stutt samtal.  
Veljið annað hvort verkefni 1 eða 2.

### 1. Hjálpa barni í útiveru

Leikið samtal milli starfsmanns og barns.

Talið um:

- Hvernig er veðrið?
- Hvað er barnið gamalt?
- Hvaða föt þarf barnið að fara í?

### 2. Nýr starfsmaður

Leikið samtal milli starfsmanns og nýs starfsmanns.

Talið um:

- Hvernig er veðrið?
- Hvaða föt þarf að nota í útiveru í dag?
- Starfsmaður útskýrir og hjálpar nýjum starfsmanni.



## 4.6 Lesskilningur

Í dag fara börnin í leikskólanum í vettvangsferð. Börnin eru 3 og 4 ára. Þau fara í Öskjuhlíð. Veðrið er gott. Það er sól og logn. Börnin eru í léttum fötum. Hanna sem er nýr starfsmaður á leikskólanum fer líka. Þetta er fyrsta ferðin hennar og hún þarf að læra hvernig svona ferð er.


Börnin eru spennt. Í Öskjuhlíð geta þau hlaupið, klifrað og skoðað náttúruna. Þau sjá blóm og plöntur, til dæmis smára, fífil og sóley. Þau geta líka séð mosa. Í Öskjuhlíð er Perlan. Það er stór bygging. Þar er hægt að skoða náttúruna og kaupa ís, en þau fara ekki þangað í dag.

Börnin fara með strætó. Þau fara með kennara og öðrum starfsmönnum. Þau labba tvö og tvö saman og halda í band. Þau syngja lög. Það þarf að passa börnin vel svo enginn týnist.

Börnin taka með sér nesti og teppi. Þau sitja úti og borða. Þau borða samlokur og drekka djús. Þeim finnst þetta mjög gaman.



## 4.7 Tölum saman



1. Hvað ætla börnin að gera í dag?
2. Hvert verður farið í vettvangsferð?
3. Hvernig komast börnin í Öskjuhlíð?
4. Hvernig er veðrið þennan maídag?
5. Hvað er hægt að gera í Öskjuhlíð?
7. Hvað taka börnin með sér?



## 4.8 Orðalisti

Fata (kvk)



Lauf (hk)



Snjór (kk)



Flugdreki (kk)



Sandkassi (kk)



Snjóþota (kvk)



Frost (hk)



Pollur (kk)



Sól (kvk)



Gras (kk)



Regnbogi (kk)



Stétt (kvk)



Haust (hk)



Rennibraut (kvk)



Sumar (hk)



Himinn (kk)



Rigning (kvk)



Tré (hk)



Hjól (hk)



Róla (kvk)



Vegasalt (hk)



Hrífa (kvk)



Sandur (kk)



Vetur(kk)



Klifurgrind (kvk)



Skófla (kvk)



Vindur (kk)



Krít (kvk)




Ský (hk)



Vor (hk)



# 5. Líkaminn



Við erum öll með ólíka líkama. Það er mikilvægt að læra um helstu líkamsparta, ef einhver meiðir sig eða finnur til einhvers staðar. Það er samt líka mikilvægt að muna að við tjáum okkur ekki um annarra manna líkama og reynum að tala jákvætt um okkar eigin líkama.



## 5.1 Sagnorð

Hvaða orð og orðasambönd notum við um líkamann?

Sagnorð tengd líkamanum:

að batna - þetta batnar (verður gott) / henni batnar fljótt

að bora - barnið borar í nefið

að detta - barnið datt á rassinn /höfuðið

að fá - barnið fær sár á handlegg

að finna til- hann finnur til í maganum

að gleypa - maðurinn gleypiti matinn

að kyngja - þau kyngja matnum sínum

að smita - barnið smitar hina krakkana

að vera slappur - Anna er svolítið slöpp

að þurfa - barnið þarf að fara á salernið (klósettið)



## 5.2 Lesskilningur

Börn detta stundum í leikskólanum og meiða sig. Það getur verið vont og börnin gráta stundum, en þau jafna sig oftast fljótt. Ef barn fær sár er stundum settur plástur á sárið. Stundum fá börn marblett eftir að hafa dottið.

Stundum verða börn veik. Þau geta fengið kvef, hósta eða verið með hálsbólgu. Ef barn er með magaverk þarf það kannski að fara á klósettið. Lítil börn þurfa hjálp eftir klósettferð og þá þarf alltaf að þvo hendur vel. Ef barn fær ælupest þarf það að fara heim.

Ef barn er með hita þarf foreldri að sækja barnið. Barnið á að vera heima þar til það hefur verið hitalaust í einn dag áður en það kemur aftur í leikskólann.

Ef barn meiðist alvarlega, til dæmis brýtur bein, þarf að fara með það á spítala. Foreldrar sjá um það.



## 5.3 Tölum saman



1. Hvað gerist stundum ef barn dettur?
2. Hvað segja börn ef þeim líður illa / líður ekki vel?
3. Finndu þrjú nafnorð um veikindi í textanum.
4. Hvað þarf að gera ef barn er með hita?



## 5.4 Samtalsverkefni

**María:** Jói, ertu að gráta? Hvað er að? Hvað kom fyrir (gerðist)?

**Jói:** Ég datt á hnéð! (Hann grætur / skælir).

**María:** Er þér illt? Ertu nokkuð beinbrotinn?

**Jói:** Nei, ég er ekki brotinn en mér er illt í hnénu.

**María:** Leyfðu mér að sjá, fékkstu sár?

**Jói:** Já, það blæðir!


**María:** Já, það kom smá blóð, ég skal hreinsa sárið og setja plástur á það. Þetta jafnar sig.



## 5.5 Tölum saman



1. Hvað kom fyrir Jóa?
2. Hvar er honum illt?
3. Hvað gerði starfsmaðurinn / leikskólakennarinn fyrir hann?
4. Hvað segir starfsmaður til að láta honum líða betur?





## 5.6 Samtalsverkefni

**Harpa:** Anna er með magaverk, ég fer með hana á klósettið.

**Anna:** Ég þarf ekki að pissa og ekki heldur að kúka!

**Harpa:** Hvernig líður þér?

**Anna:** Mér er svo kalt og flökurt!

**Harpa:** Komdu strax, við skulum fara á klósettið, þú þarft kannski að æla. Ég hringi í mömmu eða pabba og bið þau um að sækja þig.



## 5.7 Tölum saman



1. Hvað er að Önnu?
2. Hvað þarf hún að gera?
3. Hvað þarf hún ekki að gera?
4. Hvað segir starfsmaður til að láta henni líða betur?
5. Hvað þarf að gera þegar barn fær ælupest á leikskólanum?



## 5.8 Samtalsverkefni

**Jón:** Mér er illt í eyranu, ég er með eyrnaverk!



**Pétur:** Þú ert kannski aftur kominn með eyrnabólgu. Ég skal mæla þig, kannski ertu með hita.

**Jón:** Allt í lagi, þú mátt gera það.

**Pétur:** Þú ert smá hita, bara nokkrar kommur - 37,6°C. Ég hringi í mömmu eða pabba og læt vita. Einhver sækir þig. Þú verður bráðum hress.





## 5.9 Tölum saman



1. Hvar er Jóa illt?
2. Er Jói með hita?
3. Hvað ætlar leikskólakennarinn að gera?



## 5.10 Hópavinna


Leysið verkefnið í litlum hópi (2-3 saman).

1. Hvaða veikindi / slys (óhöpp) koma upp í leikskóla?
2. Barni er illt í maganum. Hvað gerir þú / gerið þið?
3. Barn er með nýtt sár á hendi. Hvað gerir þú?
4. Barn er með niðurgang. Hvað gerir þú?
5. Barn er með útbrot á húð. Hvað gerir þú?
6. Barn er veikt / slappt, hvað þarf að gera?
7. Hvað er gert ef barn er lysterlaust (með litla matarlyst)?



## 5.11 Verkefni

Skrifaðu heiti líkamshluta (nafnorð) inn á myndina hér fyrir neðan – í eintölu og fleirtölu, ef þú getur.





## 5.12 Orðalisti

Auga (hk)



Hár (hk)



Nef (hk)



Augabrún (kvk)



Herðar (kvk ft.)



Nögl (kvk)



Bak (hk)



Hné (hk)



Olnbogi (kk)



Bringa (kvk)



Höfuð (hk)



Rass (kk)



Eyra (hk)



Hönd (kvk)



Tá (kvk)



Fingur (kk)



Læri (hk)



Tunga (kvk)



Fótur (kk)



Magi (kk)



Tönn (kvk)



Handleggur (kk)



Munnur (kk)




Vör (kvk)



Háls (hk)



## 6. Matartíminn



Börn á leikskóla borða mat í leikskólanum þrisvar yfir daginn. Maturinn sem þau fá er oftast hollur og góður.



## 6.1 Sagnorð

**Að borða:** Barnið borðar mat eða nammi

**Að drekka:** Hún drekkur vatn, mjólk, djús / safa

**Að fá:** Hann fær sér mat (eitthvað að borða)

**Að finnast** (ópersónuleg sögn) matur vera góður / vondur  
mér / þér / honum / henni finnst eitthvað vera gott eða vont á  
bragðið

**Að hafa:** María hefur góða matarlyst (hún vill borða mikið)

**Að hella:** Hann hellir vatni í glas

**Að hjálpa:** Viltu hjálpa mér? – Ekkert mál / sjálfsagt

**Að klára:** Börnin klára matinn (þau borða allt af diskinum)

**Að kyngja** matnum (svo hann fari í magann). Þau kyngja matnum

**Að nota:** Öll nota skeið og gaffal þegar þau borða

**Að rétta:** Viltu rétta mér smjörið? / Má ég fá smjörið?

**Að setja:** Konan setur mat á disk / í skál. Ég set smekk á barnið

**Að sitja:** Börnin sitja kyrr við matarborðið

**Að sulla:** Barnið sullar úr glasinu á borðið / gólfið

**Að tryggja:** Það þarf að tryggja matinn vel (með tönnunum)

**Að vera** (óregluleg sögn): Jón er lystarlaus (hann vill ekki borða  
núna)

**Að vera** (óregluleg sögn): Hann er saddur / hún er södd (hann /  
hún vill ekki meira)

**Að vera** (óregluleg sögn): Að vera svangur / svöng (hann / hún vill  
borða núna)



## 6.2 Lesskilningur



### Morgunmatur

Sum börn borða morgunmat heima, áður en þau koma í leikskólann. Morgunmatur í leikskólanum er á milli klukkan 7:30 og 8:30, á morgnana. Börnin fá hafragraut með mjólk í morgunmat. Það eru rúsínur í grautnum og það finnst mörgum vera mjög gott.



## 6.3 Samtalsverkefni

**María:** Góðan daginn, komið í morgunmat núna svo grauturinn verði ekki kaldur.

**Jón:** Æ, ég er ekki svangur núna, mig langar ekki í graut.

**María:** Þú þarft að borða núna, annars verður þér illt í maganum. Það eru rúsínur í grautnum.

**Jón:** Namm! Allt í lagi, ég kem.



## 6.4 Tölum saman



1. Hvað eru börnin að fara að borða?
2. Af hverju vill Jón ekki borða?
3. Hvað gerist ef Jón borðar ekki?
4. Hvað segir María að sé í grautnum?



## 6.5 Lesskilningur



### Hádegismatur

Það er matartími í leikskólanum. Börnin fá heitan mat í hádeginu klukkan 11:30.

Í matinn er oft fiskur eða kjöt. Það er alltaf boðið upp á grænmeti með hádegismatnum, til dæmis gúrku, tómata eða papriku.

Í gær fengu börnin hakk og spagettí.

Í dag eru fiskbollur með karrýsósu í matinn og börnunum finnst það gott. Með fiskibollunum eru soðnar kartöflur.

Börnin drekka vatn með matnum.

Sum börn borða ekki kjöt, fisk eða egg og fá þá sérstakan mat. Börn sem eru vegan borða ekki mjólk, egg, kjöt eða fisk og fá mat sem hentar þeim. Ef barn er með ofnæmi er passað vel upp á að það fái ekki mat sem það má ekki borða.



## 6.6 Samtalsverkefni

**Pétur:** Maturinn er kominn.

**María:** Takk! Jæja, krakkar. Komið og setjist við borðið. Það eru fiskibollur í matinn í dag.

**Soffía:** Namm, ég er svöng.

**Jón:** Ég er líka svangur, má ég fá tvær bollur?

**María:** Já, þú mátt fá tvær bollur. Ég skal skera þær niður í litla bita.

**Helga:** Ég vil líka fá kartöflur með smjöri. Getur þú stappað fyrir mig, María?

**María:** Auðvitað geri ég það. Ekkert mál!

**Soffía:** Viltu rétta mér karrýsösu?

**María:** Já, hérna. Gerðu svo vel.

**Pétur:** Ég helli vatni í öll glösin, ekki sulla niður krakkar.

**Soffía:** Allt í lagi, ég passa það.

**Jón:** Ég missti fiskibollu á gólfið.

**Pétur:** Ég tek hana upp fyrir þig.

**Jón:** Ég vil ekki klára matinn minn. Ég er saddur.

**María:** Allt í lagi, það þarf ekki að klára af disknum. Þú mátt fara og þvo þér um hendur.

**Soffía:** Ég er enn þá svöng. Má ég fá meira?

**Pétur:** Já, hér er svolítið meira á diskinn þinn.

**Soffía:** Þetta var mjög gott, ég borðaði mikið.

**Pétur:** Hvað segjum við svo eftir matinn?

**Öll:** Takk fyrir matinn, hann var góður!




## 6.7 Tölum saman



1. Hvað er í matinn?
2. Hvað á að rétta Soffíu?
3. Hvað fá börnin að drekka?
4. Hvað missti Jón á gólfið?
5. Af hverju vill Jón ekki klára matinn sinn?



## 6.8 Lesskilningur



### Kaffitími

Kaffitími er klukkan 15:00 á hverjum degi. Í kaffitíma fá börnin brauðsneið með áleggi. Þau fá brauð með smjöri, osti, kæfu eða skinku. Stundum eru tómatar og gúrka sett ofan á. Þau fá vatn eða mjólk að drekka.



### Ávaxtastund

Í dag er ávaxtastund klukkan 14:30. Búið er að skera niður banana, epli og appelsínur. Það eru líka rúsínur í skál handa börnunum. Þeim finnst gott að fá ávexti og í dag eru öll dugleg að borða. Stundum er líka til ananas, mangó eða melóna sem búið er að skera í litla bita. Börnin fá líka stundum bláber, jarðarber eða vínber í ávaxtastund.



## 6.9 Samtalsverkefni

**Pétur:** Það er kominn kaffitími, krakkar. Setjist við borðið þegar þið eruð búin að þvo hendur.

**Finnur:** Ég er svo svangur. Hvernig brauð er í dag?

**Pétur:** Það er heilhveitibrauð með osti og gúrku. Svo er líka brauð með kæfu fyrir þau sem vilja.

**Lísa:** Má ég fá eitthvað að drekka, ég er þyrst?

**María:** Auðvitað, ég helli mjók í glas handa þér eða viltu vatn?

**Lísa:** Já, ég vil bara fá vatn að drekka. Kannski fæ ég mjólk á eftir.


**Finnur:** Þetta er gott brauð, má ég fá aðra sneið með osti og gúrku?

**Pétur:** Auðvitað, gerðu svo vel.

**Finnur:** Takk fyrir mig, þetta var gott.



## 6.10 Tölum saman



1. Hvað er á heilhveitibrauðinu í dag?
2. Hvað vill Lísu drekka?
3. Hvað fékk Finnur á brauðið sitt?
4. Hvað þurfa börnin að gera áður en þau fá að borða?




## 6.11 Hópavinna

### Finna og flokka mat

Sækið Krónu appið og finnið mismunandi matartegundir.

Flokkið matinn í eftirfarandi flokka:

- kjöt / fiskur
- pasta / spaghetí / núðlur
- grænmeti
- ávextir
- drykkir
- álegg
- brauð / kökur
- annað (til dæmis matarolía, krydd)





## 6.12 Hópavinna

### **Matur og þarfir barna**

Vinnið í litlum hópum eða tvö og tvö saman.

#### **1. Grænmetisfæði**

Skipuleggið mat fyrir 5 börn í leikskóla.

Börnin eru grænmetisætur og borða ekki fisk, kjöt eða egg.

Þau mega fá mjólkurvörur.

#### **2. Veganfæði**

Skipuleggið mat fyrir 5 börn í leikskóla.

Börnin eru vegan og borða ekki fisk, kjöt, egg eða

mjólkurvörur.

#### **3. Afmæli – hnetuofnæmi**

Vinnið tvö og tvö saman.

Það er afmæli í leikskólanum. Eitt barn er með hnetuofnæmi.

Skipuleggið hvað börnin fá að borða og drekka.



## 6.13 Leikatriði

### Veitingahús

Vinnið í hópum, 3-4 saman.

Einn nemandi er þjónn (starfar í afgreiðslu). Hinir eru viðskiptavinir.

Þjónn: Tekur á móti viðskiptavinum og spyr: „Hvað má bjóða þér?“

Viðskiptavinir: Panta mat og drykk.



## 6.14 Verkefni

Svaraðu spurningunum hér fyrir neðan og kynntu svo fyrir bekknum:

1. Er einhver matur frá þínu heimalandi sem við borðum ekki oft á Íslandi?
2. Hvaða matur, frá þínu heimalandi, finnst þér góður?
3. Hvar er hægt að kaupa þennan mat (í hvaða búð fæst hann)?
4. Eldar þú stundum þennan mat / þennan rétt?
5. Finnst þér gaman að elda fyrir aðra / að halda matarboð?
6. Hvernig finnst þér íslenskur matur?
7. Er eitthvað sem þú borðar aldrei?
8. Hvað ætlar þú að hafa í matinn í kvöld?



## 6. 15 Orðalisti

Agúrka (kvk)



Epli (hk)



Ís (kk)



Ananas (kk)



Fiskibolla (kvk)



Jarðarber (hk)



Appelsína (kvk)



Fiskur (kk)



Jógúrt (hk)



Banani (kk)



Gaffall (kk)



Kaffi (hk)



Bláber (hk)



Glas (hk)



Kaka (kvk)



Blómkál (hk)



Grjónagrautur (kk)



Kakó (hk)



Bolli (kk)



Gulrót (kvk)



Kartafla (kvk)



Borð (hk)



Hafragrautur (kk)



Kál (hk)



Brauð (hk)



Hindber (hk)



Kex (hk)



Diskur (kk)



Hnífapar (hk)



Kíví (hk)



Djús (kk)



Hnífur (kk)



Kjúklingur (kk)



Dúkur (kk)



Hrísgrjón (kvk)



Kjöt (hk)



Egg (hk)







Hunang (hk)



Kjötbolla (kvk)



|                 |   |                |   |                   |   |
|-----------------|---|----------------|---|-------------------|---|
| Kæfa (kvk)      |    | Pottur (kk)    |    | Smjör (hk)        |    |
| Mangó (hk)      |    | Pylsa (kvk)    |    | Snúður (kk)       |    |
| Melóna (kvk)    |    | Rauðrófa (kvk) |    | Sósa (kvk)        |    |
| Mjólk (kvk)     |    | Rjómi (kk)     |    | Spagettí (hk)     |    |
| Morgunkorn (hk) |    | Rófa (kvk)     |   | Spergilkál (hk)   |    |
| Nammi (hk)      |  | Salat (hk)     |  | Stóll (kk)        |  |
| Ostur (kk)      |  | Servétta (kvk) |  | Sulta (kvk)       |  |
| Panna (kvk)     |  | Sítróna (kvk)  |  | Súpa (kvk)        |  |
| Paprika (kvk)   |  | Skál (kvk)     |  | Sveppur (kk)      |  |
| Pasta (hk)      |  | Skeið (kvk)    |  | Tómatur (kk)      |  |
| Pera (kvk)      |  | Skinka (hk)    |  | Vatn (hk)         |  |
| Pítsa (kvk)     |  | Skyr (hk)      |  | Vatnsmelóna (kvk) |  |
| Plóma (kvk)     |  | Smekkur (kk)   |  | Vínber (hk)       |  |

# 7. Hátíðisdagar



Á Íslandi eru nokkrir hátíðisdagar á hverju ári. Þessa daga er fólk oft í fríi og eyðir tíma með fjölskyldu og vinum.

Jólin eru í desember. Fólk er í fríi og heldur upp á jólin.

Páskar eru á vorin. Fólk er oft í fríi yfir páskana.

17. júní er þjóðhátíðardagur Íslands. Þá eru haldnar hátíðir um allt land.

Verslunarmannahelgin er í ágúst. Margir ferðast og fara á útihátíðir.

Hátíðisdagar eru mikilvægir á Íslandi og margir njóta þess að vera í fríi.



## 7.1 Lesskilningur

### Jól á Íslandi

Á Íslandi eru 13 jólasveinar. Þeir eru skrýtnir karlar sem búa í fjöllum, til dæmis í Esjunni sem sést frá Reykjavík.

Jólasveinarnir koma einn í einu í 13 daga fyrir jól. Fyrsti kemur 12. desember og sá síðasti 24. desember. Þeir hafa skemmtileg nöfn og þeir stríða stundum fólki. Til dæmis sleikir einn potta og annar stelur skyri. En þeir eru líka góðir.

Börn setja skó í gluggann heima frá 12. til 24. desember. Á nóttunni kemur jólasveinn og setur smá nammi eða litla gjöf í skóinn hjá góðum börnum.

Á Íslandi er líka sagt að til sé jólaköttur. Hann á að „borða“ fólk sem fær ekki ný föt fyrir jólin, til dæmis húfu eða vettlinga.

Aðfangadagur er 24. desember. Þá klæðir fólk sig í fín föt og borðar góðan kvöldmat. Eftir matinn eru jólagjafir opnaðar. Þá segja allir: „Gleðileg jól!“

Sumir fara í kirkju á aðfangadag eða jóladag (25. desember). Annar jóladagur er 26. desember og er líka frídagur. Þá hittast fjölskyldur og vinir og borða saman.

Á jólum hvíla margir sig, lesa bækur, spila spil eða ferðast.



## 7.2 Samtalsverkefni

Börnin í leikskólanum hlakka til jólanna. Þau gera margt skemmtilegt í desember til að undirbúa jólin.

**Anna:** Megum við búa til jólaskraut í dag? Það er 10. desember.

**María:** Já, við ætlum að fönndra eftir matinn. Hvað langar ykkur að gera?

**Anna:** Mig langar að klippa út jólatré og að skreyta það með jólakúlum.

**Birna:** Mig langar að teikna jólastjörnu og kannski jólasvein. Og megum við hlusta á jólalög?

**María:** Já, við getum sett á jólalög á meðan við fönndrum.

**Anna:** Ég ætla að gefa mömmu mitt fönndur þegar hún sækir mig.

**Birna:** Ég ætla að gefa pabba mitt.

**María:** Það er mjög góð hugmynd.

**Birna:** Verður jólaball í leikskólanum?

**María:** Já, við verðum með jólaball 19. desember. Þá dönsum við í kringum jólatréð. Við verðum í sparifötum og kannski með jólasveinahúfur.

**Anna:** Gaman! Ég hlakka svo til!

**Birna:** Ég líka! Ég hlakka til að fá jólagjafir og nammi í skóinn minn.



## 7.3 Tölum saman



1. Hvað langar stelpurnar að gera í leikskólanum þennan dag?
2. Hvað þurfa þær að nota til þess?
3. Hvenær verður jólaballið haldið í leikskólanum?
4. Hvað langar Birnu að fá í skóinn?
5. Ætlar þú að fara á jólaball í desember?
6. Hvað gerir fólk á jólaballi?
7. Kannt þú íslenskt jólalag – veistu hvað það heitir?



## 7.4 Lesskilningur



### Áramót

Við fögnum áramótum 31. desember, þá er síðasti dagur ársins. Um kvöldið borðum við veislumat (hátíðarmat), sum fá gesti eða fara í heimsókn. Næstum allir setjast niður og horfa á áramótaskaupið sem er skemmtipáttur um árið sem var að líða. Fólk skýtur upp flugeldum um kvöldið, mest á miðnætti, þegar klukkan verður 12 / 24:00. Við segjum „Gleðilegt ár!“ við fólk, um áramót. Sum fara í party (veislu) og dansa fram á nótt þetta kvöld.

Fyrsti janúar er nýársdagur, þá byrjar nýtt ár. Þennan dagborðum við góðan mat og mörg slappa af eftir áramótin.





## 7.5 Samtalsverkefni

**Pétur:** Jæja krakkar, bráðum koma áramótin.

**Anna:** Ármót? Hvað er það?

**Pétur:** Það er þegar gamla árið er búið og nýtt ár byrjar.  
Gamlársdagur er alltaf 31. desember og nýársdagur 1. janúar.

**Jón:** Já, þá fáum við frí. Við kaupum flugelda sem við skjótum upp.

**Anna:** Einmitt, og við förum í spariföt og borðum rosalega góðan mat.  
Með ömmu og afa líka.

**Pétur:** Alveg rétt, þá hittist fjölskyldan og gerir sér glaðan dag.

**Jón:** Ég er farinn að hlakka til. Á næsta ári verð ég 6 ára. Þá má ég byrja í grunnskóla!



## 7.6 Verkefni



1. Hvenær eru áramót í þínu landi?
2. Hvað gerir fólk þá, sem er skemmtilegt?
3. Er þetta eins og á Íslandi eða öðruvísi?



## 7.7 Lesskilningur

Þrjú sérstakir dagar eru í febrúar: **bolludagur, sprengidagur og öskudagur**. Þetta eru ekki frídagar en þeir eru skemmtilegir.

**Bolludagur.** Þennan dag borðum við bollur með rjóma, sultu og kremi. Sum borða líka kjötbollur eða fiskbollur, þennan dag.

**Sprengidagur.** Þennan dag borðum við saltkjöt og baunasúpu.

**Öskudagur.** Á öskudag fara börn í búning og biðja um nammi í búðum. Þau syngja fyrir fólk sem gefur þeim nammi.



## 7.8 Samtalsverkefni

**Anna:** Hvað ætlar þú að vera á öskudaginn?

**Jón:** Ég ætla að vera dreki, en þú?

**Anna:** Ég ætla að vera Rauðhetta.

**Jón:** Ætlarðu að fara í búðir til að biðja um nammi?

**Anna:** Já, auðvitað. Ég ætla að fara í Kringluna.

**Jón:** Ég líka. Förum saman!

**Anna:** Já, það skulum við gera.



## 7.9 Lesskilningur

### PÁSKAR

**Páskar** eru oftast í apríl. Það er frí á skírdag, föstudaginn langa, á páskadag og annan í páskum. Við borðum páskaegg á páskadag (súkkulaðiegg). Þá er líka veislumatur og flest hitta vini og/eða fjölskyldu. Mörg fara í kirkju yfir páskahátíðina.

### Sumar- og vetrarfrí

Fólk á vinnumarkaði fær **sumarfrí**. Það er oftast í 4 – 5 vikur. Þá er gaman að ferðast um Ísland eða að fara til útlanda. Mörg vinna í garðinum, slappa af eða taka til heima í sumarfríinu.

**Vetrarfrí** er í 2 – 3 daga í október og í febrúar. Þá fer fólk oft á skíði með fjölskyldu eða vinum. Sumir fara til útlanda í vetrarfrí.

### Aðrir sérstakir dagar:

**Sumardagurinn fyrsti** er frídagur því þá er fyrsti dagur sumarsins.

**1. maí** er frídagur á Íslandi. Þá fær allt fólk sem er á vinnumarkaði frí í einn dag. Mörg fara í kröfugöngu og kannski á kaffihús, í bænum.

**17. júní** er þjóðhátíðardagur Íslendinga. Þá fögnum við sjálfstæði þjóðarinnar en Ísland varð lýðveldi árið 1944. 17. júní er frídagur. Í flestum sveitarfélögum er margt í boði. Þar eru til dæmis skrúðgöngur, tónlist og skemmtun fyrir alla. Margir fara í miðbæinn og taka þátt í hátíðarhöldum.

## 8. Söngbókin



Í leikskólanum er mikið sungið. Börnin læra lög um allt á milli himins og jarðar. Það er sungið við ólík tilefni. Á jólum, afmælum, lög um vetur, sumar, vor og haust. Börnin syngja um dýrin, matinn og margt, margt fleira.



## 8.1 Leikskólalögin

### Allir krakkar

Allir krakkar, allir krakkar  
eru í skessuleik.

Má ég ekki mamma,  
með í leikinn þramma?

Mig langar svo,  
mig langar svo  
að lyfta mér á kreik.

Allir krakkar, allir krakkar  
eru að fara heim.

Heim til pabba og mömmu  
og líka afa og ömmu.

Allir krakkar, allir krakkar  
eru að fara heim.

### Allur matur

Allur matur á að fara  
upp í munn og ofan í maga.

Heyrið það, heyrið það  
svo ekki gauli garnirnar.

### Í leikskóla

Í leikskóla er gaman,  
þar leika allir saman,  
þau leika úti og inni og  
allir eru með.

Þau hnoða, leira og lita,  
þið ættuð bara að vita  
hvað allir eru duglegir  
í leikskólanum  
hér.

### Hvað heitir þú?

Nú skulum við segja hvað  
við heitum (x2)

Hvað heitir þú?

“María”

María, María, já já já (x2)



### Dagar og mánuðir

Sunnudagur, mánudagur,  
þriðjudagur, miðvikudagur,  
fimmtudagur, föstudagur og  
laugardagur, og þá er vikan  
búin.

Janúar,  
febrúar,  
mars, apríl, maí, júní,  
júlí, ágúst  
september,  
október,  
nóvember og  
desember!



### Bátasmiðurinn

Ég negli og saga  
og smíða mér bát og  
síðan á sjóinn  
ég sigli með gát.  
Og báturinn vaggar og  
veltist um sæ,  
ég fjörugum fiskum  
með færinu næ.

### Ein ég sit og sauma

Ein ég sit og sauma  
inni í litlu húsi,  
enginn kemur að sjá mig  
nema litla músin.  
Hoppaðu upp og  
lokaðu augunum,  
bentu í austur,  
bentu í vestur,  
bentu á þann sem að  
þér þykur bestur.



### Fljúga hvítu fiðrildin

Fljúga hvítu fiðrildin  
fyrir utan gluggann,  
þarna siglir einhver inn  
ofurlítill duggan.

Afi minn fór á honum Rauð  
eitthvað suður á bæi,  
að sækja bæði sykur og brauð  
sitt af hvoru tagi.

Afi minn og amma mín  
úti á Bakka búa,  
þau eru bæði sæt og fín,  
þangað vil ég fljúga.



### Afmælissöngurinn

Hann/hún á afmæli í dag  
Hann/hún á afmæli í dag  
hann/hún á afmæli  
hann/hún \_\_\_\_  
Hann/hún á afmæli í dag  
Hann/hún er \_\_ ára í dag  
Hann/hún er \_\_ ára í dag  
Hann/hún er \_\_ ára  
hann/hún \_\_\_\_  
Hann/hún er \_\_ ára í dag

### Kolakassinn

Hulda datt oní kolakassann  
hæ fadderí, fadderalla, la, la.  
Þegar Anna átti hana að  
passa,  
hæ fadderí, fadderalla, la, la.  
Ef að Harpa vissi það,  
þá yrði Siggi steinhissa.  
hæ-fadderí, hæ-faddera,  
hæ-fadderí, fadderall, la, la.

### Höfuð, herðar...

Höfuð herðar hné og tær,

hné og tær.

Höfuð herðar hné og tær,

hné og tær.

Augu, eyru munnur og nef

Höfuð, herðar hné og tær,

hné og tær.

### Fingurnir

Þumalfingur, þumalfingur

hvar ert þú?

Hér er ég, hér er ég!

Góðan daginn,

daginn, daginn.

(vísifingur, langatöng,

baugfingur, litli fingur)



### Óskasteinar

Fann ég á fjalli

fallega steina,

faldi þá alla,

vildi þeim leyndu.

Huldi þar í hellisskúta

heillasteina,

alla mína unaðslegu

óskasteina.

Langt er nú síðan

leit ég þá steina,

lengur ei man ég

óskina neina

er þeir skyldu uppfylla

um ævidaga,

ekki frá því skýrir

þessi litla saga.

Gersemar mínar

græt ég ei lengur,

geti þær fundið

telpa eða drengur.

Silfurskæra kristalla

með grænu og gráu,

gullna roðasteina

rennda fjólubláu.



### Krummavísur

Krummi krunkar úti,  
kallar á nafna sinn:  
"Ég fann höfuð af hrúti,  
hrygg og gæruskinn.  
:,:Komdu nú og kroppaðu með,  
krummi nafni minn":,:

### Krummi svaf í klettagjá

Krummi svaf í klettagjá  
kaldri vetrarnóttu.  
Verður margt að meini,  
verður margt að meini.  
Fyrr en dagur fagur,  
freðið nefið dregur hann  
undan stórum steini,  
undan stórum steini.

### Apavísur

Það var einu sinni api  
í ofsa góðu skapi,  
hann vildi ekki grautinn  
en fékk sér banana:  
Banananana - (smella tvisvar í  
góminn)  
Banananana - (smella tvisvar í  
góminn)  
Banananana, banananana,  
banananana -  
(smella tvisvar í góminn).



### Kalli kónguló

Kalli litli kónguló  
klifraði upp á vegg  
þá kom rigning og  
Kalli litli féll.  
Svo kom sólin og  
þerraði hans kropp,  
Kalli litli kónguló  
klifraði upp á topp.

### **Vorvindar glaðir**

Vorvindar glaðir,  
glettnir og hraðir,  
geysast um lundinn  
rétt eins og börn.  
Lækirnir skoppa,  
hjala og hoppa,  
hvíld er þeim nóg í sæ eða tjörn.  
Hjartað mitt litla, hlustaðu á;  
hóar nú smalinn brúninni frá.  
Fossbúinn kveður,  
kætir og gleður,  
frjálst er í fjallasal.

### **Vertu til**

Vertu til er vorið kallar á þig,  
vertu til að leggja hönd á plóg.  
Komdu út því að sólskinið vill sjá þig  
sveifla haka og rækta nýjan skóg.  
Sveifla haka og rækta nýjan skóg.



### **Út um mela og móa**

Út um mela og móa  
syngur mjúkrödduð lóa,  
og frá sporléttum spóa  
heyrir sprellfjörugt lag..  
A-a-a hollerassihía,  
Hollerassi hí hú hú,  
hollerassihía,  
hollerassi hí hú hú,  
hollerassihía hó



### **Sá ég spóa**

Sá ég spóa  
suð'r í flóa,  
syngur lóa  
út í móa.  
Bí, bí, bí, bí.  
Vorið er komið víst á ný.

## Hafið

Hafið er svo rólegt, rólegt, rólegt.

Hafið er svo rólegt, rólegt, rólegt.

Síðan fer að blása, blása, blása.

Síðan fer að blása, blása, blása.

Nú er mikill vindur, vindur vindur.


Nú er mikill vindur, vindur vindur.

Fiskarnir þeir synda, synda, synda

Fiskarnir þeir synda, synda, synda

Fiskarnir þeir sofa, sofa, sofa

Fiskarnir þeir sofa, sofa, sofa



## Uppi á grænum hól

Upp á grænum, grænum

himinháum hól

sá ég hérahjónin ganga.

Hann með trommu - bomm, bomm,  
bombarombommbomm!

Hún með fiðlu sér við vanga.

Þá læddist að þeim

ljótur byssukarl

sem miðaði í hvelli!

En hann hitti bara trommuna

sem small

og þau hlupu og héldu velli

## Skýin

Við skýin felum ekki sólina  
af illgirni.

Við skýin erum bara að kíkja  
á leiki mannanna.

Við skýin sjáum ykkur  
hlaupa, úúúúps, í rokinu  
klædd gulum, rauðum,  
grænum,  
bláum regnkápum.

Eins og regnbogi  
meistarans,  
regnbogi meistarans.

Við skýin erum bara grá,  
bara grá.

Á morgun kemur sólin,  
hvar verðum við skýin þá?  
Hvar þá, hvar þá, hvar þá,  
hvar þá,  
hvar þá, hvar þá, hvar  
verðum við skýin þá?



## Með vindinum þjóta skúraský

Með vindinum þjóta  
skúraský

.,:drýpur drop, drop,  
drop:.,:

og droparnir hníga og  
detta á ný

.,:drýpur drop, drop,  
drop:.,:

Og smáblómin vakna eftir  
vetrarblund

.,:drýpur drop, drop,  
drop:.,:

þau augu sín opna  
er grænkar grund

.,:drýpur drop, drop,  
drop:.,:

## Hjólin á strætó

Hjólin á strætó snúast hring, hring, hring,  
hring, hring, hring, hring, hring, hring.

Hjólin á strætó snúast hring, hring, hring,  
út um allan bæinn.

Hurðin á strætó opnast út og inn,  
út og inn, út og inn.

Hurðin á strætó opnast út og inn,  
út um allan bæinn.

Peningarnir í strætó segja kling, kling, kling,  
kling, kling, kling, kling, kling, kling.

Peningarnir í strætó segja kling, kling, kling,  
út um allan bæinn.

Fólkið í strætó segir bla, bla, bla,  
bla, bla, bla, bla, bla, bla.

Fólkið í strætó segir bla, bla, bla,  
út um allan bæinn.

Krakkarnir í strætó segja uh, uh, uh,  
uh, uh, uh, uh, uh, uh.

Krakkarnir í strætó segja uh, uh, uh,  
út um allan bæinn.

Bílstjórinn í strætó segir uss, uss, uss,  
uss, uss, uss, uss, uss, uss.

Bílstjórinn í strætó segir uss, uss, uss,  
út um allan bæinn.





## 8.2 Jólalögin

### Adam átti syni sjö

Adam átti syni sjö,  
sjö syni átti Adam.  
Adam elskaði alla þá,  
og allir elskuðu Adam.  
Hann sáði, hann sáði.  
Hann klappaði saman lófunum.  
Hann stappaði niður fótunum.  
Hann ruggaði sér í lendunum,  
og snéri sér í hring.

### Í skóginum stóð kofi einn í

skóginum stóð kofi einn,  
sat við gluggann jólasveinn.  
Þá kom lítið héraskinn  
sem vildi komast inn.  
"Jólasveinn, ég treysti á þig,  
veiðimaður skýtur mig!  
"Komdu litla héraskinn,  
því ég er vinur þinn.



### Gekk ég yfir sjó og land

Gekk ég yfir sjó og land  
og hitti þar einn gamlan  
mann, spurði hann og  
sagði svo: Hvar áttu  
heima? Ég á heima á  
Klapplandi, Klapplandi,  
Klapplandi. Ég á heima á  
Klapplandi,  
Klapplandinu góða.  
(Stapplandi,  
Grátlandi, Hnerrlandi  
Hlælandi, Hvíslandi og  
Íslandi).

## Ég sá mömmu kyssa jólasvein

Ég sá mömmu kyssa jólasvein, við  
jólatrið í stofunni í gær. Ég læddist  
létt á tá  
til að líta gjafir á,  
hún hélt ég væri steinsofandi Stínu  
dúkku hjá,  
og ég sá mömmu kitla jólasvein og  
jólasveininn út um skeggiðhlær.  
Já sá hefði hlegið með  
hann pabbi minn hefð' ann séð  
mömmu kyssa jólasvein í gær.



## Á jólnum er gleði og gaman

∴ Á jólnum er gleði og gaman  
fúm, fúm, fúm ∴  
Þá koma allir krakkar með  
í kringum jólatrið.  
Þá mun ríkja gleði og gaman,  
allir hlæja og syngja saman  
fúm, fúm, fúm!  
∴ Og jólasveinn með sekk á baki  
fúm, fúm, fúm ∴  
Hann gægist inn um gættina  
á góðu krakkana.  
Þá mun ríkja gleði..... o.s.frv.





### **Göngum við í kringum...**

Göngum við í kringum einiberjarunn,  
einiberjarunn, einiberjarunn.

Göngum við í kringum einiberjarunn,  
snemma á mánudagsmorgni.

Svona gerum við  
er við þvolum okkar þvott,  
þvolum okkar þvott,  
þvolum okkar þvott,

svona gerum við  
er við þvolum okkar þvott,  
snemma á mánudagsmorgni.

Þriðjudagur: Vindum okkar þvott

Miðvikudagur: Hengjum okkar þvott

Fimmtudur: Teygjum okkar þvott

Föstudagur: Straujum okkar þvott

Laugardagur: Skúrum okkar gólf

Sunnudagur snemma: Greiðum okkar hár

Sunnudagur seint: Göngum um kirkjugólf



## Nú er Gunna á nýju skónum

Nú er Gunna á nýju skónum,  
nú eru að koma jól.

Siggi er á síðum buxum,  
Solla á bláum kjól.

Solla á bláum kjól

Solla á bláum kjól

Siggi er á síðum buxum,  
Solla á bláum kjól.

Mamma er enn í eldhúsinu  
eitthvað að fást við mat.

Indæla steik hún er að færa  
upp á stærðar fat..

Pabbi enn í ógnarbasli  
á með flibbann sinn.

"Fljótur, Siggi, finndu snöggvast  
flibbannappinn minn " ...

Kisu er eitthvað órótt líka,  
út fer brokkandi.

Ilmurinn úr eldhúsinu  
er svo lokkandi...

Jólatréð í stofu stendur,  
stjörnuna glampar á.

Kertin standa á grænum greinum,  
gul og rauð og blá...





### **Það á að gefa börnum brauð**

Það á að gefa börnum brauð  
að bíta í á jólnunum,  
kertaljós og klæðin rauð,  
svo komist þau úr bólunum.  
Væna flís af feitum sauð,  
sem fjalla gekk á hólunum.  
Nú er hún gamla Grýla dauð,  
gafst hún upp á rólunum.

### **Nú skal segja**

Nú skal segja, nú skal segja  
hvernig litlar telpur gera:  
Vagga brúðu, vagga brúðu  
og svo snúa þær sér í hring!  
Litlir drengir: Sparka bolta  
Ungar stúlkur: Þær sig hneigja  
Ungir piltar: Taka ofan  
Gamlar konur: Þrjóna sokka  
Gamlir karlar: Taka í nefið aaatsjúú!!!



### Jólasveinar ganga um gólf

Jólasveinar ganga um gólf  
með gildan staf í hendi.  
Móðir þeirra sópar gólf  
og flengir þá með vendi.  
;:Upp' á stól  
stendur mín kanna  
Níu nóttum fyrir jól  
þá kem ég til manna ;:;



### Jólasveinar einn og átta

Jólasveinar einn og átta  
ofan koma úr fjöllum  
Í fyrra kvöld þeir fóru að hátta  
fundu hann Jón á völlum.  
Andrés stóð þar utangátta  
það átti að færa hann tröllum.  
En þá var hringt í hólakirkju  
öllum jólabjöllum